Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 a, örk 17

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Bnf. 27/2 '09

Bg 4

Hér með leyfi eg mér, – fyrir hönd Fredriksens & Co. í Mandal, að óska að háttvirt byggingarnefnd Reykjavíkur vilji leyfa og samþykkja eftirtalda breytingu á húsum nefnds firma á Arnarhólslóð:

1. Að dyrnar á suðvesturstafni hússins færist um breidd sína vestur, þannig að þær nú standi rétt vestan við miðju hússtafnsins, þar sem þær til þessa hafa staðið rétt austan við miðju hans.

2. Að byggja megi múrpípu í húsinu, sem gangi upp í horninu á fremri skrifstofunni austan við innganginn þar sem sýnt er á viðlögðu uppkasti. Skal verða grafið fyrir henni í kjallara eftir þörf og að öðru leyti uppfylltar þær reglur sem áskildar eru fyrir slíku hvað snertir fjarlægð til viðar þar sem loft eru skorin fyrir pípunni o.s.frv.

Til þessa hefur engin múrpípa verið í húsinu, heldur járnrör sem ná rétt upp

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir þakskeggin. Þetta er ónógð í ýmsum veðrum auk þess sem það andv. hefur haft talsverða eldhættu í för með sér.

Ég vona að háttv. byggingarnefnd leyfi þetta góðfúslega, og hefi í því trausti látið byrja á verkinu, — eftir að hafa átt tal við háttv. verkfr. bæjarins hr. Sig. Thoroddsen og skýrt þetta fyrir honum, án þess að heyra neinn efa frá hans hlið um að þetta myndi verða samþykt.

Reykjavík hinn 22. Febrúar 1909

Timbur- og kolaverzlunin ‚Reykjavik'

pr. pr. Þorst. Sigurgeirsson

Til

byggingarnefndarinnar

í Reykjavík.

B. Rvk. 101/1909 B. J.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Undertegnede tillader sig herved at bede den ærede Bygningskommission om Tilladelse til i den under Opförelse værende Skolebygning paa Landakot, at benytte 5X10" Bjælker fodrede paa Siderne med 3/4X10" Brædder i en Længde hele Fritliggender igennem; dette er 9 Alen.

Reykjavik
16 Februar 1909.
Med megen Agtelse

Jul. Schau

Til:
Reykjavik Bygningskommission.
B. Rvk. 100/1909 By. 4

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leyfi eg mjer að óska eftir, að hin heiðraða byggingarnefnd í Reykjavík, veiti mjer leyfi til að byggja íbúðarhús samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti á baklóð minni er fylgir húseigninni Grund við Grundarstíg, er stendur á milli húss Högna Finnssonar og Spítalastíg 2.

Virðingarfyllst

Reykjavík d. 11 Febr 1909.

Ólafur Theódórsson

Til Byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Rvk. 102/1909 Bt 4

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit

af fundargjörð byggingarnefndarinnar
27. febr. 1909

Ár 1909, laugardaginn 27. febrúar kom byggingarnefndin saman á fund og gerðist þar það er hjer segir:

1. Leyft að hafa í skóla þeim, er kaþólskir menn eru að reisa í Landakoti, í gólfum á 9 álna hafi bita 5"×10" fóðraða á báðum hliðum með heilum 5/4"/10" borðum í minnsta lagi jafnlöngum hafinu.
2. Ólafi trjesmið Theodórssyni leyft að byggja íbúðarhús 11¼°×8° að stærð með skúr 8½°×4½° á lóð hans við Grundarstíg. Húsið stendur að húsabaki. Leyfið bundið því skilyrði, að skúr 11°×8° verði rifinn niður.
3. Timbur- og kolaverzluninni Reykjavík (Fredriksen & Co Mandal) leyft 1° að færa dyrnar á suðvesturstafni húss nefndrar verzlunar við Kalkofnsveg um breidd sína til vesturs, þannig að þær verði nú rjett vestan miðju á gaflinum, hafa verið rjett austan miðju. 2° að hlaða reykháf steinlímdan á suðurhorni hússins upp úr þaki enda sje tryggilega búið um undirstöðu hans í kjallara og gætt hæfilegrar fjarlægðar frá viðum, samkv. byggingarsamþ.

Fleira ekki fyrir tekið. Á fund vantaði Jón Jensson Knud Zimsen og Svein Jónsson. Fundi slitið.

Kristján Þorgrímsson    Sig. Thoroddsen    Páll Einarsson    Rögnv. Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit

af fundargjörð byggingarnefndarinnar
27. febr. 1909

Ár 1909, laugardaginn 27. febrúar kom byggingarnefndin saman á fund og gerðist þar það er hjer segir:

1. Leyft að hafa í skóla þeim er kaþólskir menn eru að reisa í Landakoti, í gólfum á 9 álna hafi bita 5"x10" fóðraða á báðum hliðum með heilum 5/4/10" borðum í mismóta lagi jafnlöngum hafinu
2. Ólafi trjesmið Theodórssyni leyft að byggja íbúðarhús 11¼° x 8° að stærð með skúr 8½° x 4½° á lóð hans við Grundarstíg. Húsið stendur að húsabaki. Leyfið bundið því skilyrði, að skúr 11° x 8° verði rifinn niður.
3. Timbur- og kolaverzluninni Reykjavík (Fredriksen & Co Mandal) leyft 1° að færa dyrnar á suðvesturstafni húss nefndrar verzlunar við Kalkofnsveg um breidd sína til vesturs, þannig að þær verði nú rjett vestan miðju á gaflinum, hafa verið rjett austan miðju. 2° að hlaða reykháf steinlímdan á suðurhorni hússins upp úr þaki enda sje tryggilega búið um undirstöðu hans í kjallara og gætt hæfilegrar fjarlægðar frá viðum. samkv. byggingarsamþ.

Fleira ekki fyrirtekið. Á fund vantaði Jón Jensson Knud Zimsen og Svein Jónsson. Fundi slitið.

Páll [illegible]

Kristján Þorgrímsson   Sig. Thoroddsen   Rögnv. Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur